

# Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

2. júní 2020 kl. 8:10

## Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Ragnhildur Helgadóttir, fulltrúi foreldra (varafulltrúi), Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Mariússon, fulltrúi starfsmanna og Hulda María Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir.

## 1. Áætlanir 2020-2021

Starfsáætlun skólans er unnin á haustin. Henni er skilað til menntasviðs 1. október sem leggur hana fyrir menntaráð bæjarins. Skólaráðsfundur verður haldinn áður en starfsáætlun er send frá skólanum og kynnt þar. Fer á heimasíðu þegar búið er að samþykkja áætlunina.

Námskynningar - rætt um fyrirkomulag þeirra.

Náms- og kennsluáætlunum er skilað í byrjun október og eru birtar á heimasíðu skólans. Námsmat er að breytast með hæfniviðmiðunum.

Umræður um viðmiðin í námsmati. Sumir foreldrar telja að þau séu svolítið óskýr. Kom fram hjá nemanda í skólaráði að þetta sé mjög skýrt. Umræður um að þetta sé ekki alveg orðið nógu skýrt á miðstigi. Umræður að það vanti gátlista um hvað nemandinn á að kunna fyrir próf. Ósk um að foreldrar séu upplýstir meira um námsmatið og hvað búi að baki þess. Hægt að nýta námskynningar að hausti til að fara yfir þetta í stað þess að vera í einhverjum verkefnum á þessum kynningum. Setja fram áherslur námsins á aðgengilegan hátt.

## 2. Önnur mál

Skóladagatal er komið á heimasíðu skólans. Vegna Covid19 var ekki umræða um skóladagatal næsta árs. Skóladagatalið er samræmt milli skóla í þessu hverfi.

Sjóður sem hægt var að sækja í vegna nemendaferða var tekinn af í hruninu. Þessi sjóður hefur ekki verið endurvakinn. Nemendur hafa farið í ferðir með strætó. Hjá Vatnsendaskóla eru fastir liðir eins og Reykjaskóli, Laugarvatn, réttarferð og fleira. Kennarar hafa haft samband við bekkjarfulltrúa og ákveða ferðir í samráði við þá. Umræður um úthlutunarreglur til skólans.

Skólapúlsinn

Síðasta úrtakið var að ljúka könnuninni fyrir helgi og niðurstöður verða sendar til skólans fljótlega. Unnin verður skýrsla úr niðurstöðum og birt á heimasíðu skólans.

Starfsmannakönnun var gerð í vetur og verður birt á heimasíðu skólans.

Búið er að mynda matsteymi en vegna Covid19 hefur ekki tekist að funda. Foreldri er í teyminu og einnig fékkst foreldri í Réttindaráð skólans.

Umræður um að fáir foreldrar mæti á fræðslufundi sem skólinn stendur fyrir.

Skólalóðin, um 20 milljónir fara í þetta verkefni og 5 milljónir komu úr Okkar Kópavogur. Í sumar verður farið í jarðvegsskipti og fer töluverður hluti af upphæðinni í það. Klifurveggur verður settur upp. Einnig verður settur upp körfuboltavöllur við hlið fótboltavallar. Síðar mun koma útikennslustofa.

Öryggismyndavélar verða settar upp í haust, ekki er þó búið að tímasetja nákvæmlega. Þær munu einnig vera inni í anddyri.

Vinnulag skólaráðs næsta vetur. Fyrsti fundur verður haldinn í september og verða tímasetningar funda vetrarins ákveðnar þar. Óskað er eftir því að hafa fyrsta fundinn snemma í september og að þeir sem eru í skólaráði fái upplýsingar um mál sem ræða á tímanlega, þannig að þeir geti kynnt sér málefni fundarins.

Fundi slitið kl. 9:20